



Verklýsing fyrir Expolath stálnetskerfi á steinull með sléttpússningu og málningu

Múrkerfi:

Einangrun :Einangrað skal undir múrkerfið með steinullarplötum 50-120mm.Þær skulu hafa eðlismassa minnst 130 kg/ á rúmmetra og þrýstipól minnst 40kpa (Sökkulplata eða Undirlagsplata T frá Steinullarverksmiðjunni).Plöturnar skulu skarast á vegg og í hornum við uppsetningu samkvæmt nánari verklýsingu frá Weber Ltd UK.Þær skulu festar upp með múrtöppum úr nælonefni sem hafa fjarlægðarklossa fyrir stálnetið. Inní múrtappana er rekinn stálnagli með kuldabré. Stálnetið ef svo fest í sömu múrtappa með þar til gerðum plastsmellum sem smellast á múrtappana..Múrtappinn skal ná 50mm inní steinvegginn bakvið einangrun og skulu vera að meðaltali 8 festingar á fermetra. Stálnetið skal vera ryðfrítt og kemur í mottum sem eru 2.440 x 1.220mm.Möskvarnir skulu vera tígullaga og vera ca 20 x50mm.Motturnar eru látnar skarast um 100mm á samskeytum.

Á hornum skal til styrkingar setja plast úthornalista (CB10) með fjarlægðarlista, og skulu þau fest í undirmúrinn.

Undirmúr : Undirmúrinn , **Weber PUC (Polymer Undercoat)** er sérhannaður fyrir steinullareinangrun .Hann skal koma tilbúinn blandaður sem þurrefni, er sementsbundinn og hannaður sem hluti af heilu múrkerfi þar sem allir hlutar kerfisins eru vottaðir og viðurkenndir sem heldstætt kerfi. Undirmúrinn Weber PUC er dreginn uppá netið eða honum spautað með dælu minnst 10mm þykkur og er áætlað magn 18kg per/ m². Áður enn undirmúrinn þornar er hann ýfður upp með tindahrífu lárétt til að fá örugga bindingu fyrir yfirmúrinn.

Yfirmúr: Áður en yfirmúrinn er settur skal undirmúrinn vera orðinn minnst 36 klst gamall við góðar þurrkaðstæður.Yfirmúrinn , yfirleitt **Weber Rend PTC** , skal vera minnst 8mm þykkur, sementsbundin pússning og er áætlað magn 10kg per fm .Hann skal vera hannaður sem hluti af heilu múrkerfi.Hann skal hafa hefðbundið sléttpússað yfirborð.

Reiknað er með að klæðningin sé tilbúin til frekari meðhöndlunar með **Weber-coat smooth** málningarkerfi sem er hannað með múrkerfinu.

Klæðningin er grunuð með , eina umferð. Grunnurinn er glær acrylbundinn og vatnþynnanlegur. Vatnsbretti, syllur, úthorn og álagsstaðir eru málaðir með **Weber.coat EC** þykkmálningu eina umferð.Weber.coat EC þykkmálningin er acrylmálning vatnþynnanleg og hleypir 18,02gr af raka per fermetri á dag í gegnum 500 míkron. Því næst er húsið málað með **Weber.Coat smooth** sem er vatnþynnanleg acrylmálning.

weber
múrefni

Sigurður Hansson

S:8969604

sigggi@webermur.is